



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Sauðárkróki 20. október 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025. Þingskjal 237, 234. mál.

Bygðastofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025 sem lögð hefur verið fyrir Alþingi af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Stofnunin tekur undir meginmarkmið þingsályktunarinnar og lýsir sérstökum stuðningi við þriðja meginmarkmiðið er snýr að fjarskiptum, upplýsingatækni og netöryggi sem sé „að tengja byggðir landsins og Ísland við umheiminn en jafnframt að innviðir og þjónusta mæti þörfum almennings og atvinnulífs. Stuðlað verði að sjálfbærri þróun á landsvísu með nýtingu stafrænna lausna, almennu aðgengi að áreiðanlegu netsambandi um ljósleiðara og háhraðafarnets auk ásættanlegs netöryggis á hverjum tíma ...“. Þriðja meginmarkmiðið styður við áherslu í gildandi byggðaáætlun um að „öll lögheimili og vinnustaðir eigi kost á háhraðanettengingu með ljósleiðara eða annarri sambærilegri tækni“ og er í samræmi við það sem kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem segir: „Tryggð verði geta og fjármagn til áframhaldandi uppbygginga háhraðaneta þar sem markaðsaðilar sinna ekki þeirri þjónustu eða öryggissjónarmið krefjast þess.“ Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að meðal helstu verkefna í fjarskiptamálum sé að Fjarskiptastofa greini áform fjarskiptafyrirtækja um uppbyggingu ljósleiðara og hráhraðafarnets og að Fjarskiptasjóður eigi að vinna að mótun og framkvæmd mögulegs ríkisstuðnings við uppbyggingu fjarskiptainnviða utan



markaðssvæða. Verulegur árangur hefur náðst en herslumuninn vantar til að klára ljósleiðaravæðingu lögheimila og fyrirtækja. Afar mikilvægt er að hraða vinnu við að greina áform fjarskiptafyrirtækja um uppbyggingu fjarskiptainnviða og grípa til aðgerða þar sem þau ætla ekki að hefja uppbygginu í nálægri framtíð. Sömuleiðis þarf að tryggja fjármagn til Fjarskiptasjóðs vegna innviðauppbyggingar hvar markaðsbrestur er staðreynd.

Tekið er undir og lögð áhersla á að aukið fjarnám við helstu menntastofnanir landsins sé ein öflugasta leiðin til að jafna aðgengi fólks að háskólanámi óháð búsetu en öflugur Menntasjóður námsmanna er einnig mikilvægur þannig að fólk hafi viðunandi framfærslu á meðan á námi stendur. Sérstaklega þarf að tryggja stöðu þeirra sem flytja þurfa búferlum vegna náms.

Í undirkaflanum um jöfn tækifæri í nýsköpunarverkefnum og fjármögnun þeirra er lagt til að bætt verði við að auk kyngreindra upplýsinga verði upplýsingar einnig greindar eftir landfræðilegri skiptingu. Þá er einnig lagt til að í upptalningu í síðustu setningu verði bætt við að litið verði einnig til búsetu til viðbótar við mismunandi aldurshópa, þjóðernis, uppruna fötlunar og samfélagslegra aðstæðna.

Virðingarfyllt
f.h. Bygðastofnunar

Arnar Már Elíasson
forstjóri